

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Árnes, smábýla- og frístundalóðir.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fyrir smábýla- og frístundalóðir sunnan Þjórsárdalsveggar í Árnesi. Staðföng breytast og byggingarreitur á einni lóð, auk skilmála er varðar mænisstefnu og þakhalla.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.